



Akraneskaupstaður

**1392. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 9. apríl 2024 og hefst kl. 17:00**

Almenn erindi

1. 2401329 - Miðlægur tölvubúnaður - endurnýjun og áframhaldandi rekstur

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2024 viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun ársins 2024 samtals að fjárhæð kr. 2.822.000, mætt með tilfærslu fjárheimildar af deild 20830-4660 og á deild 21670-4660).

Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

2. 2311388 - Reglur um stuðnings- og stoðþjónustu Akraneskaupstaðar

Endurskoðun á reglum um stuðnings- og stoðþjónustu hefur staðið yfir á velferðar- og mannréttindasviði. Við endurskoðun verður reglunum skipt upp, annarsvegar reglur fyrir fullorðna og hins vegar reglur fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Drög að reglunum hafa áður verið kynnt fyrir öldungaráði og notendaráði án athugasemda. Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti reglur um stuðnings- og stoðþjónustu fullorðinna á fundi sínum þann 5. mars sl. og bæjarráð þann 21. mars sl.

3. 2101248 - Beykiskógar 17 - starfsmannaíbúð

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 21. mars 2024 viðauka nr. 5 við fjárhagsáætlun ársins 2024 samtals að fjárhæð 2,5 m.kr., fært á deild 02270-4660 og mætt með auknum tekjum úr Jöfnunarsjóði (deild 00080-0185). Um er að ræða kostnað til að bæta aðstöðu starfsfólks við búsetukjarnann að Beykiskógum 17.

Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

4. 2306146 - Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2025-2027

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 7. apríl 2024 lækkun tiltekinna gjaldskrá vegna ársins 2024 með gildistíma frá 1. maí nk.

Tekur til tiltekinna gjaldskráa vegna barnafjölskyldna og tengist aðgerðum

sveitarfélaga til að liðka til fyrir gerð langtímakjarasamninga á vinnumarkaði.

Heildaráhrif ákvörðunar á fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar vegna ársins 2024 er kr. 7.429.000 og er mætt með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi ársins 2024.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 6 vegna ofangreinds á deildir samkvæmt meðfylgjandi skjali og vísaði til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

5. 2403206 - Álfalundur 31-43 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 4. apríl 2024 að leggja til við bæjarstjórn Akraness að breytingin verði samþykkt skv. 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga og 3.mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.

6. 2404056 - Leyfi frá störfum í bæjarstjórn

Líf Lárusdóttir óskar eftir að fara í leyfi frá störfum í bæjarstjórn og bæjarráði frá 22. apríl 2024 til 28. febrúar 2025.

Lagt er til að gefið verði út kjörbréf aðalbæjarfulltrúa til handa Þórði Guðjónssyni varabæjarfulltrúa til samræmis við leyfisósk Lífar Lárusdóttur.

Lagt er til að gefið verði út kjörbréf varabæjarfulltrúa til handa Guðmundi Júlíussyni til samræmis við leyfisósk Lífar Lárusdóttur.

7. 2206003 - Kosning í ráð og nefndir tímabilið 2022 - 2026

Líf Lárusdóttir hefur óskað eftir leyfi frá 22. apríl 2024 til 28. febrúar 2025.

Lagt er til að Einar Brandsson komi inn í bæjarráð í hennar stað og gegni formennsku í ráðinu og Guðmundur Ingþór Guðjónsson komi inn sem varamaður.

[Lagt er til að Ragnheiður Helgadóttir taki sæti Einars Brandssonar í skóla- og frístundaráði en Einar verði varamaður.] [Athuga með að að bíða með þessa ráðstöfun til næsta bæjarstjórnarfundar].

Fundargerðir til kynningar

8. 2401002 - Fundargerðir 2024 - bæjarráð

3559. fundur bæjarráðs, þann 7. apríl 2024.

9. 2401004 - Fundargerðir 2024 - skóla- og frístundaráð

237. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 3. apríl 2024.

10. 2401005 - Fundargerðir 2024 - skipulags- og umhverfisráð

293. fundur skipulags- og umhverfisráðs frá 4. apríl 2024.

11. 2401023 - Fundargerðir 2024 o.fl. - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

143. fundargerð stjórnar Höfða frá 22. janúar 2024.

144. fundargerð stjórnar Höfða frá 4. apríl 2024.

09.04.2024

Steinar Adolfsson, sviðsstóri.